

Þingeyjarsveit
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík 8. febrúar 2019
UST201901-363/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulagsbreyting – Vaglaskógur - Þingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar er barst 28. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Vaglaskóg í Þingeyjarsveit.

Í greinargerð kemur fram að felld er út lóð og byggingarreitur fyrirhugaðrar þjónustubyggingar, sem gert var ráð fyrir sunnan Stórarjódurs, en í stað þjónustubyggingar er nú gert ráð fyrir lóð og byggingarreit fyrir eldaskála. Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir lóð og byggingarreit fyrir salernisbyggingu syðst í Stórarjóðri til að þjónusta tjaldgesti, en í byggingunni er gert ráð fyrir salernum auk möguleika á aðstöðu til þvotta.

Forsendur og ferðamenn

Í greinargerð kemur fram að Vaglaskógur er vinsæll áningarstaður ferðamanna og því mikilvægt að bygga upp innviði og þjónustu. Í greinargerð kemur fram að markmið skipulagsins er að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki og bæta aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunar, stærð bílastæða, þjónustubyggingar (salerna) og áningastaða og umfang göngustíga.

Birkiskógar

Umhverfisstofnun telur að birkiskógar á svæðinu sem tillagan nær til falli undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í greininni er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri

til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni rök sem réttlæta röskun birkitrjáa, hvort aðrir valkostir hafa verið skoðaðir sem eru til þess fallnir að þeir raski ekki birkitrjám og til hvaða mótvægisáðgerða verður gripið.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 18. desember 2015 varðandi deiliskipulagstillöguna segir: „*Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt til að verndargildi Vaglaskógar rýrni ekki, að upprunalegur íslenskur birkiskógur sé ekki ruddur, til að framkvæma bílastæði, tjaldsvæði og leiksvæði. Stofnunin telur að slíkum framkvæmdum eigi að halda í jaðri svæðisins.*“

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreind skilyrði séu uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

50 metrar frá ám og vötnum

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „*Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.*“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými meðfram Fnjóská, svo að útivistargildi skerðist ekki.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllt



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur